Cheatography

# Krabbav; Spurningar Cheat Sheet

by doramarin via cheatography.com/162386/cs/34250/

## Krabbameinsverkir

Hvaða krabbameinsverkir flokkast undir bráðir verkir?

Procedural pain og fylgikvillar

Hvað er procedural pain í krabbameinsverkjum?

Verkir tengdir rannsóknum og meðferð

Nefndu dæmi um krabbameinsverki sem flokkast undir fylgikvilla?

Blóðtappi og sýkingar

Hverskonar krabbameinsverkir flokkast undir fylgikvillar?

Sýkingar og blóðtappar

Hvaða flokkar krabbameinsverkja flokkast undir langvinnir verkir?

Framgangur sjúkdóms, meðferð og aðrir langvinnir verkir

Nefndu dæmi um langvinna krabbameinsverki tengt framgang sjúkdóms;

Meinvörp, æxli þrýstir á vefi, lokun á líffærum t.d. görn og þvagleiðarar

Nefndu dæmi um langvinna verki tengda krabbameinsmeðferð ;

Eftir skurðaðgerð, lyfjameðferð og geisla

Af hverju fá krabbameinssjúklingar taugaverki?

Getur verið vegna krabbameinsins, eða iatrogenic; skurðaðgerð, lyfjameðfeðr og geislar

Hægt er að skipta verk gróflega í tvo hópa

Vefjaverkun (bein, mjúkvefur, líffæri) og taugaverkir

Hvað orsakar taugaverki hjá krabbameinssjúklingum?

Þrýstingur á taugar og innvöxtur í taugar

Hvað eru gegnumbrotsverkir (breathrough pain)?

Skammvinn versnun á verkjum sem kemur fram fyrirvaralaust eða í tengslum við ákveðið áreiti hjá sjúklingum sem eru á st0ðugri verkjameðferð fyrir.

## Krabbameinsverkir (cont)

Hvernig eru verkir þeirra sem fá oft gegnumbrotsverki?

Þeir eru gjarnarn með aukna verki í grunninn

Er hægt að spá fyrir flestum gegnumbrotsverkjum?

Nei, talið að 80% séu tilvik sem ekki er hægt að spá fyrir um

Hvaða þættir þurfum við að taka til greina í verkjamati sem hefur áhrif á verki sjúklinga?

Andlegir og trúarlegir þættir, áhyggjur sjúklings, þættir sem hafa áhrif á verkjaþol

Hvaða þættir minnka verkjaþol?

Vanlíðan, svefnleysi, þreyta, kvíði, ótti, reiði, leiði, félagsleg einangrun og einmannaleiki

Hvaða þættir auka verkjaþol?

Góð einkennameðferð, góður svefn, hvíld, sjúkraþjálfun, slökun, stuðningur, skilningur, afþreying, félagskapur, andleg vellíðan, skilningur og hlustun

Hvað er stutt verkjaskrá (brief pain inventory)?

Mælitæki sem metur fjölþætt áhrif verkja

Hvað er ESAS?

Verkjamat sem metur verki og önnur algeng einkenni

Hverju megum við ekki gleyma við verkjamat?

Gera líka líkamsmat og rannsóknir eftir því sem við á

Nefndu þætti í fræðslu um verkjameðferð

Hvatning, skoða hindrandi viðhrof, virkja sjúkling og aðstandendur, verkjadagbók og útskriftarfræðsla

Hverju megum við ekki gleyma varðandi fjölþætt áhrif verkja?

Verkir hafa líka andleg, tilvistarleg og fjárhagsleg áhrif.

## Krabbameinsverkir (cont)

Í hverju felast markmið verkjameðferð krabbameinssjúklinga?

Fyrirbygging, minnka verki, fyribyggja og meðhöndla aukaverkanir verkjameðferðar.

Nefndu algengustu meðferðarúrræði við krabbameinsverkjum;

Verkjalyf, stoðlyf, aðgerðir, lyfja og geislameðferð, sjúkraþjálfun, endurhæfin og aðrar aðferðir en lyf

Af hverju er best af gefa verkjalyf um munn í krabbameinsverkjum?

Þetta er leiðin sem gefur jöfnustu virknina. Hagkvæmt, ódýrt,

Hvenær myndum við frekar nota verkjalyf eftir þörfum en fast?

Ef verkirnir koma í köstum, ef verkir eru stöðugir eru notuð lyf reglulega

Hvað þýðir hugtakið "by the ladder" í verkjameðferð?

Nota leiðbeiningar eftir alþjóðaheilbrigðismálastofnuninna um hvernig á að meðhöndla verki.

Hvernig metum við árangur verkjameðferðar?

Við metum reglulega, með viðurkenndum kvarða, amk daglega á legudeildum og sjúklingar meta sjálfir.

Hvaða spurninga spyrð þú í upplýsingasöfnun verkja?

SOCRATES; Size, Onset, Character, Radiate, Associated symptoms, Time/duration, Exacerbating factors, Severity

Size-Staðsetning. Onset- Byrjun. Character-Eiginleiki. Radiate- Dreifing. Associated symptoms. Time/duration- Lengd. Exacerbating factors – Versnar-batnar. Severity – Styrkur.

SOCRATES: Size

Staðsetning



Sponsored by **Readable.com**
Measure your website readability!
https://readable.com

### Krabbameinsverkir (cont)

SOCRATES: Onset

> Hvenær byrjaði verkurinn og við hvaða aðstæður?

SOCREATES: Character

> Hvernig lýsir verkurinn sér?

SOCRATES: Radiates

> Leiðir eða dreifir verkurinn sér eitthvað?

SOCRATES: Associated symptombs

> Ógleði, krampi

SOCRATES: Time, duration

> Hversu lengi hafa þeir verið?

SOCRATES: Exacerbating factors

> Hvaða þættir gera verkinn betri eða verri?

SOCRATES: Severity

> Styrkur á kvarða

Hvaða upplýsingar erum við að leita af þegar við spurjum sjúklinga um fyrri verkjameðferð?

> Fyrri meðferð og árangur af henni.

Hvað er verkjastigi WHO?

> Leiðbeiningar um verkjameðferð og að meðferð eigi að miðast við styrk verkja.

Hvað þýðir það að verkjameðferð eigi að miðast við styrk verkja?

> Að við veljum tegund verkjalyfja út frá styrk verkja – ~~hér er ekki átt við um skammtastærð lyfja~~

Nefndu reglu varðandi tegund lyfja notuð í verkjameðferð;

> Við notum einungis eina tegund lyfja úr sama flokki – t.d. fólk er ekki á 2 tegundir af bólgueyðandi verkjalyfjum eða 2 tegundum af sterkum verkjalyfjum

Hverskonar lyf eru notuð við gegnumbrotsverki?

> Lyf eftir þörfum

WHO verkjastigi: Þrep 1 (Verkir 1-2)

> Parasetamól og/eða NSAID. +/- Stoðlyf

### Krabbameinsverkir (cont)

Anna er með verki í baki upp á 2. Hún er einnig með taugaverki í handlegg. Hvaða WHO verkjameðferð er ráðlögð fyrir Önnu?

> Parasetamól/NSAID. Sýnt að það er betra að nota bæði frekar en einungis annað. Svo stoðlyf eins og gabapentin fyrir taugaverk

WHO verkjastigi: Þrep 2 (Verkir 3-6)

> Parasetamól og/eða NSAID. +/- Veikir ópíóðar. +/- Stoðlyf

Andrés er með verk í kvið upp á 5. Hverskonar WHO verkjameðferð gætum við gefið honum?

> Parasetamól/ NSAID og veika ópíóða eins og tramadol eða kódein.

WHO verkjastigi: Þrep 3 (Verkir 7-10)

> Parasetamól og/eða NSAID. +/- Sterkir ópíóðar. +/- Stoðlyf

Alex hefur verið með verki upp á 5. Hán er búið að vera fá parasetamól og NSAID, ásamt tramadol (veikum ópíóðum). Alex hefur verið að fá mikið af gegnumbrotaverkjum upp á síkastið og núna er hán að skora verk upp á 9. Hveskonar verkjameðferð veitum við háni núna?

> Höldum áfram með parasetamól/NSAID, við tökum út veika ópíóðana en bætum inn sterkum ópíóðum eins og morfín, oxycodone eða fentanýl

### Verkjalyfjameðferð

Við hverju eru væg og bólgueyðandi lyf notuð í krabbameinverkjameðferð?

> T.d. notuð við verkjum í meinvörpum í beinum

Hvaða NSAID lyf er best að gefa við vekrjum og hvað er best við bólgu?

> Ekkert NSAID lyf eru öðru fremra sem verkjalyf eða bólgueyðandi lyf

### Verkjalyfjameðferð (cont)

Hverjir eru kostir NSAID lyfja í verkjameðferð?

> Þau minnka þörf fyrir ópíóða þegar þau eru gefin samhliða

Nefndu tvo áhættuhópa fyrir NSAID lyfjum

> Blóðflögufæð og skert nýrnastarfsemi

Hvaða lyf getum við gefið ef NSAID lyf sem við gáfum dugaði ekki fyrir sjúkling?

> Prófa annað NSAID lyf

Hverjir eru kostir ópíóða í verkjameðferð krabbameins?

> Þessi lyf eru auðveld að títra og eru til í mörgum formum

Hverjar eru nursing considerations við gjöf ópíóða?

> Þekkja verkunartíma og meðhöndla aukaverkanir

Hvernig myndum við gefa ópíóða fyrir vel verkjastilltan sjúkling?

> Langverkandi ópíóði um munn

Hvenær veljum við að gefa ópíóða undir húð með lyfjadælu?

> Ef sjúklingur getur ekki PO - T.d. kyningarörðuleikar

Hverjir fá verkjaplástur í verkjameðferð?

> Þeir sem geta ekki PO og eru vel verkjastilltir.

Hvenær á aldrei að gefa verkjaplástur í verkjameðferð?

> Ekki notað sem upphadslyf né við bráðaverkjum

Nefndu 2 ábendingar fyrir notkun fentanýl plásturs;

> 1. Getur ekki kyngt. 2. illvíg hægðatregða.



Sponsored by **Readable.com**
Measure your website readability!
https://readable.com

## Verkjalyfjameðferð (cont)

Hverskonar sjúklingar eru með fentanýl plástur í verkjameðferðinni sinni?

> Sjúklingar sem eru vanir ópíóðum – þetta er yfirleitt ekki fyrsta lyf

Hversu lengi tekur það PO ópíóða að byrja að virka

> 30-60 mín

Hversu lengi tekur það ópíóða gefin SC að byrja virka?

> 10-20 mín

Hversu lengi tekur það ópíóða að byrja að virka sem gefin IV?

> 5-10 mín

Hversu lengi varir ópíóði gefin PO, SC?

> 3-6 klst

Hversu lengi varir ópíóði gefin IV á móti langverkandi ópíóða?

> IV ópíóði varir í 1-2 klst á meðan langverkandi varir í 8-12 klst.

Hversu algengt er önduanrslæving að völdum ópíóða?

> Sjaldgæft

Hverjir eru áhættuhópar fyrir öndunarslævingu að völdum ópóða?

> 1. Sjúklingar óvanir ópíóðum 2. Aldraðir 3. Lungnasjúklingar og kæfisvefn 4. Fólk á slævandi lyfjum

Hverjar eru orsakir öndunarrslææævingar hjá sjúklingum með langvinna krabbammeinnsverki eftir gjöf ópíóða?

> 1. Of hröð hækkun ópíóða 2. Skert nýrnastarfsemi og lyfin hlaðast upp 3. Óvissa um jafngildisskammta 4. Of stór skammtur af ópíóíðum

POSS kvarði; Rósa er vakandi, skýr og spjallar við þig um kettina sína.

> Skorar 0

## Verkjalyfjameðferð (cont)

POSS kvarði: Guðmundur er syfjaður, en þú nærð auðveldega að vekja hann.

> Skorar 1

POSS kvarði: Madis er frekar sljór, hún var sofandi en þú vaktir hana auðveldelga.

> Skorar 2. Ég athuga öndun, súrefnismettun og klínískt ástand

POSS kvarði: Kriss hefur verið sljó, syfjuð og erfit að vekja.

> Skorar 3. Ég gríp strax til aðgerða

POSS kvarði: Bjartur er algjörlega sofandi. Ég næ ekkert að vekja hann.

> Skorar S. Eftirlit með öndun, súrefnimettun og klínsíkt ástand

Hver eru tvö aðal einkenni öndunarslævingar?

> Skert meðvitund Öndun <8/mín

Bjartur hefur fengið of háan skammt af ópóðum. Hann er sofandi, andar grunnt og súrefnimettun er lækkandi. Hver er meðferðin við þessu?

> Ég blanda eina lykju - 0.4 mg af naloxóni í 9 ml saltvatni í sprautu. Ég gef 1-2 ml á 30-60 mín fresti þar til einkennin batna. Ég endurtek vegna stutts helmingunartíma

Bjartur vaknar og það hellist yfir hann ógleðin; hann kastar upp, svitnar, er tachycard og er með mikla verki. Hvað gerðist?

> Hann hefur verið líkamlega háður ópíóðum og er komin með fráhvarfseinkenni. Ég gaf líklega of stóran naloxón skammt á of stuttum tíma.

Nefndu nokkur stoðlyf

> Bisfosfónöt, þríhringlaga þunglydsislyf, sterar, kannabis

Við hverju er stoðlyfið bisfosfónöt notuð?

> Beinmeinvörp

## Verkjalyfjameðferð (cont)

Hvaða þríhringlaga þunglydislyf eru notuð sem stoðlyf í verkjameðferð krabbameins?

> Aamitryptilín/ flogalyf (gabap- entin, karbamazepín) við taugaverkjum

Hvenær eru sterar notaðir sem stoðlyf í krabbameinsmeðferð

> Þau eru notuð við erfiðum taugaverkjum

Við hvaða einkennum er verið að nota kannabis í stoðmeðferð við krabbameini?

> Ógleði, uppköst og lystarleysi

Hverskonar lyf eru alltaf notuð eftir þörfum?

> Stuttverkandi lyf, aldrei gefið langverkandi

Hvaða gjafaleiðir verkjalyfja eru notuð eftir þörfum?

> IV, SC, PO, buccal, intranasal

Hvaða skammtastærð er notuð í verkjameðferð eftir þörfum?

> 1/6 af sólarhringsskammti, en hærra ef stórir skammtar af ópíóðum í grunnin

Hvenær ætti að hækka grunnskammt verkjalyfja eftir þörfun?

> Ef PN skammtar eru gefnir 3 eða oftar á dag

Hvað gerum við í PN verkjameðferð ef grunnskamturinn var hækkaður?

> Þá hækkum við PN skamtinn

Hvernig hækkum við PN verkjalyfjaskammta?

> Nota prósentuhlutfall (ekki mg) og hækkið í samræmi við styrk verkja

Hækkun PN lyfja; NRS 2-3

> Hækka um 10%

Hækkun PN lyfja; NRS 4-5

> Hækka um 30%

Hækkun PN lyfja; NRS 6-8

> Hækka um 50%

Hækkun PN lyfja; NRS 8-10

> Hækka um 100%



Sponsored by **Readable.com**
Measure your website readability!
https://readable.com

## Verkjalyfjameðferð (cont)

Sjúklingur er á t. Contalgin 60mg x 2 (120mg/sólarhring). Verkir eru núna 4-5. Hversu mikið hækkar þú og hvað er þá skammturinn mikill?

> Hækka um 30% = 156mg/sólarhring (80mg x 2)

Sjúklingur er á t. Contalgin 156mg/sóla-rhring (80mg x 2) Ef verkir eru 6 - 8, hversu mikið hækkar þú og hvað er þá skammt-urinn mikill?

> Hækka um 50% = 180mg/sólarhring (90mg x 2)

Hvenær á að reikna jafngildiskammt í ópíóalyfjagjöf?

> Alltaf ef skipta þarf um ópíóða hjá sjúkling

Út frá hvaða gildum er jafngildiskammtar alltaf reiknaðir?

> Út frá sólarhringsskammti

Af hverju þarf oft að minnka skammt nýs ópóóðs um 30-50%?

> Því krossþol milli ópíóða er mismunandi

Hverjar eru aukaverkanir NSAID lyfja og hvernig fyrirbyggjum við þær?

> Magabóllgurr/maagasár. Gefa prótónpu-mpuhemla fyrirb- yggjandi f. áhættuhópa

Hverjar eru aukaverkanir ópíóða sem allir fá?

> Hægðatregða

Hvernig fyrirbyggjum við hægðatregðu hjá sjúkilngum á ópíóðum?

> ALLIR á hægðalyfjum fyrirbygg- jandi frá 1. degi.

Hverjri eru í áhættuhópi fyrir hægðatregðu á ópíóðum?

> Lyf sem örva þarmahrey- fingar + mýkjandi lyf



Sponsored by **Readable.com**
Measure your website readability!
https://readable.com